

## AUGLÝSING

**frá ríkisskattstjóra um skil á upplýsingum vegna tekjuársins 2021,  
sbr. reglugerð nr. 1240/2015, með síðari breytingum.**

Fjármálastofnanir, sem tilkynningarskyldar eru skv. 1. og 2. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 1240/2015, um framkvæmd áreiðanleikakannana vegna upplýsingaöflunar á sviði skattamála, skulu skila upplýsingum vegna ársins 2021 um erlenda reikningshafa, þó ekki bandaríska, til Skattsins eigi síðar en 31. maí 2022.

1. Tilkynninga- og upplýsingaskyldan tekur til reikninga erlendra aðila, (innlásreikninga, vörslureikninga, vátryggingasamninga að tilteknu peningavirði og lífeyrissamninga). Þegar áreiðanleikakönnun skv. reglugerðinni leiðir í ljós að reikningshafi sé erlendir aðili, þ.e. einstaklingur eða lögaðili, skal skila m.a. eftirfarandi upplýsingum:
  - a) Nafni, heimilisfangi og erlendri skattkennitölum sérhvers tilgreinds erlends reikningshafa (einstaklinga og lögaðila) sem á eða fer með tilkynningaskyldan reikning. Ef reikningshafi er lögaðili sem ekki telst vera erlendir en áreiðanleikakönnun skv. reglugerðinni leiðir í ljós að lögaðilinn hefur einn eða fleiri ráðandi aðila (*e. controlling person*),<sup>1</sup> sem teljast erlendir aðilar, skal skila upplýsingum um nafn, heimilisfang og erlenda skattkennitölum þeirra, sbr. 40. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 1240/2015.
  - b) Reikningsnúmeri eða ígildi þess.
  - c) Reikningsstöðu í árslok 2021. Hafi reikningi verið lokað á árinu 2021 skal staða reiknings vera núll.
2. Til viðbótar við framangreindar upplýsingar skal einnig skila eftirfarandi upplýsingum:
  - a) Sé um innlásreikninga að ræða skal skila upplýsingum um heildarfjárhæð greiddra eða tekjfærðra vaxta á árinu 2021.
  - b) Sé um vörslureikning að ræða skal skila upplýsingum um heildarfjárhæð greiddra vaxta, arðs og annarra tekna, þ.m.t. sölu- og gengishagnað, sem myndast hefur vegna ávoxtunar þeirra eigna sem viðkomandi vörslureikningur hefur að geyma og hafa verið færðar sem tekjur inn á reikninginn (eða með tilliti til reikningsins) á árinu 2021.
3. Sé reikningshafi óvirkur lögaðili sem ekki er fjármálastofnun sbr. 42. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 1240/2015, skal upplýsa um nöfn, heimilisföng og erlendar skattkennitölur þeirra eigenda lögaðilans sem teljast erlendir aðilar.
4. Þrátt fyrir að fjármálastofnanir, sem falla undir tilkynningarskyldu, hafi enga reikninga í eigu eða umráðum erlendra aðila skulu þær engu að síður skila nállskýrslum til Skattsins í samræmi við skilalýsingu, og staðfesta með þeim hætti að upplýsingaskyldu hafi verið sinnt.

Ef skilað er röngum eða ófullnægjandi upplýsingum til Skattsins eða ef þær eru á annan hátt ekki samkvæmt skilalýsingu, skal tilkynningaskylda fjármálastofnunin eftir atvikum greiða þann kostnað sem af því kann að hljótast.

Upplýsingunum skal skilað rafrænt samkvæmt lýsingu á vef Skattsins á slóðinni: <https://www.rsk.is/fagadilar/hugbunadarhus/crs/>.

Allar fyrirspurnir um ofangreind gagnaskil skal senda á netfangið: crs.fatca@skatturinn.is.

Staðfesta skal sendingu gagna með tilkynningu á netfangið crs.fatca@skatturinn.is. Jafnframt skal í þeim sama tölvupósti tilgreina nafn og netfang þess tengiliðar tilkynningaskylda aðilans sem hefur með höndum samskipti við Skattinn samkvæmt auglýsingu þessari.

---

<sup>1</sup> Ráðandi aðili er skilgreindur með sama hætti og raunverulegur eigandi í 13. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Nr. 2

6. janúar 2022

Auglysing þessi er birt skv. 92., 93. og 94. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 1240/2015, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 6. janúar 2022.*

**Snorri Olsen** ríkisskattstjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 7. janúar 2022